

Ed.

535. Framvarp

til laga um gengisskráning og gjaldeyrisverslun.

(Eftir 3. umr. i Nd.).

1. gr.

Skipuð skál nefnd, er hafi á hendi skráningu á gengi erlends gjald-
eyris og annist aðrar framkvæmdir viðvíkjandi gjaldeyrisversluninni samkvæmt
lögum þessum. Ber nefndinni enn fremur, eftir því sem ástæður eru til, að
gera tillögur til landsstjórnarinnar um ráðstafanir, er stefna að því að festa
eða bækkja gengi íslensks gjaldeyris.

2. gr.

Í nefndinni eiga sæti 3 menn. Skipar fjármálaráðherra einn nefndarmann, og sje hann formaður nefndarinnar, en hinir nefndarmennirnir skulu tilnefndir af bönkunum, sinn af hvorum. Nefndin er bundin þagnarskyldu.

3. gr.

Lögreglustjóri lætur nefndinni í tje nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru jafnskjótt og skip það, er vöruna flytur, er lagt frá landi. Ennfremur getur nefndin, með samþykki fjármálaráðherra, krafist þess, að sjerhvert fjelag, stofnun eða einstaklingur, sem á erlendan gjaldeyri, þar með talin verðbrjef, þegar lög þessi öðlast gildi, eða eignast hann síðar, gefi nefndinni upplýsingar um, hve mikill hann sje og hvernig honum sje fyrir komið.

4. gr.

Þegar nauðsyn krefur, getur nefndin, með samþykki fjármálaráðherra, krafist þess, að sjer verði afhentur erlendur gjaldeyrir, sem fenginn er eftir að lög þessi öðlast gildi, til umráða handa bönkum eða ríkissjóði fyrir skráð kaupgengi á hverjum tíma.

5. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra, þegar sjerstök nauðsyn krefur, að banna öllum öðrum en bönkunum verslun með erlendan gjaldeyri.

6. gr.

Eigi verður tekinn samkvæmt 4. gr. erlendur gjaldeyrir, ef eigandi hans færir sönnur á, að hann þurfi að nota gjaldeyrinn til þess að borga nauðsynjavörur til atvinnurekstrar síns, eða nauðsynleg tæki til hans, á næstu 6 mánuðum, eða þurfi að nota hann til fullnægingar skuldbindingum, sem hann hefir tekið á sig vegna atvinnurekstrar síns, nema nefndin tryggji honum yfirfærslu í því skyni á alt að jafnmiklum gjaldeyri þegar hann þarf með.

7. gr.

Kostnað við nefndarstörfin greiða Landsbanki Íslands og Íslandsbanki, að hálfu hvor. Fjármálaráðuneytið úrskurðar þá reikninga.

8. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um starf nefndarinnar og framkvæmd laganna að öðru leyti.

Brot gegn lögum þessum eða gegn reglugerð, er sett verður samkv. þeim, varða sektum, frá 100 til 50000 krónum. Um meðferð mála út af þeim brotum fer sem um almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til 1. júní 1925.